

Námskrá 8. bekkjar í samfélagsgreinum

Inngangur

Þessi bekkjarnámskrá er grundvölluð á aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta 2011 og greinasviðum hennar 2013. Aðalnámskráin byggir á lögum um grunnskóla (nr. 91/2008).

Samfélagsgreinar samanstanda af sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði og trúarbragðafræði.

Í samfélagsfræði er lögð áhersla á að efla skilning nemenda á umhverfi, menningu, auðlindum og sögu. Samhliða því eru nemendur þjálfaðir í að móta sér lýðræðislegan og gagnrýninn hugsunarhátt. Eitt af markmiðum samfélagsgreina er að nemendur geti aflað sér upplýsinga um lífskjör og stöðu ólíkra hópa út frá meðal annars myndrænum upplýsingum. Nemendur þjálfast í stafrænu læsi með því að leita upplýsinga og öðlast hæfni í að greina og miðla þeim upplýsingum sem þeir afla sér. Sjálfbærni er samspil umhverfis, samfélags og efnahagslegra þátta og er mikilvægt að nemendur átti sig á samábyrgð samfélagsins í heild sinni. Í samfélagsgreinum eru lýðræði, jafnrétti og mannréttindi stór þáttur og mikilvægt að nemendur beri virðingu fyrir ólíkum skoðunum og gildum.

Grunnþættir menntunar eru sex: Læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Hæfniviðmið samfélagsgreina skiptast í þrjá meginflokka og eru þau samofin grunnþáttum menntunar. Þeir flokkar kallast: **Reynsluheimur** og fjallar um umhverfi, samfélag, sögu og menningu þar sem lögð er áhersla á hæfni nemenda til að skilja veruleikann, **hugarheimur** en hann snýst um sjálfsmynd og hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum og **félagsheimur** en hann er um samskipti og hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra. Unnið er með valin hæfniviðmið úr þessum flokkum í 8. bekk en áhersla lögð á hæfniviðmið úr reynsluheimi.

Í hverjum árgangi tekur námið mið af hæfni sem ætlast er til að sé náð í lok 10. bekkjar.

Námskrá 8. bekkjar í samfélagsgreinum

Námsþáttur: Reynsluheimur

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Mannlíf, staða Íslands og saga, auðlindir, fjölskyldugerðir, upplýsingalæsi, kortalæsi, lýðræði, sjálfbærni, náttúruskilyrði, fjölmening, heimildarýni

Hæfniviðmið:

Geta sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.

Geta aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsleg málefni sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi.

Geta útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði.

Geta greint og fjallað um upplýsingar á kortum og gröfum og annars konar myndum.

Geta sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.

Geta gert sér grein fyrir nýtingu auðlinda og umhverfis og gildi verndunar hvors tveggja með hliðsjón af sjálfbærri þróun.

Geta greint hvernig stjórnámál og samfélagsgerð tengjast lífi einstaklinga.

Námskrá 8. bekkjar í samfélagsgreinum

Námsþáttur: Hugarheimur

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Sjálfsvitund, ábyrgð, samhygð, gagnrýnin hugsun, tjáning, ígrundun

Hæfniviðmið:

Geta gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.

Geta sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunná ýmsum stöðum og tímum.

Námskrá 8. bekkjar í samfélagsgreinum

Námsþáttur: Félagsheimur

Áherslur og megintilgangur námsþáttar

Umburðarlyndi, frelsi og ábyrgð, jafnrétti, réttlæti, lýðræði, tjáning, miðlun, sköpun

Hæfniviðmið:

Geta vegið og metið skoðanir og upplýsingar og brugðist við þeim á fordómalausan og réttisýnan hátt.

Geta komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti.

Geta sýnt sjálfsgaga, sjálfstraust og virðingu í margvíslegum samskiptum og samstarfi við ólíka einstaklinga.

Leiðir að hæfniviðmiðum	Viðfangsefni/Efnisval	Námsmat
<p><i>Kennslustundir eru 3,5 á viku. Kennsla fer fram í formi umræðna, verkefnavinnu, einstaklings- og hópverkefna.</i></p> <p><i>Nemendur kynnast þeim vandamálum sem fylgja fólksfjölgun í heiminum og læra helstu hugtök tengd henni. Einnig eiga nemendur að geta útskýrt mismun á aldurs- og kynskiptingu, fólksfjölda eftir svæðum og áhrif þessara þátta á samfélagið.</i></p> <p><i>Nemendur læra að lesa úr aldurspíramíðum, kynnast hugtökunum sjálfbær þróun, auðlindir, mannréttindi og tengslum þeirra við ólík land- og menningarsvæði. Auk þess er unnið með heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna.</i></p> <p><i>Farið verður um heimsálfurnar, með tilliti til búsetu, veðurfars, landshátta, fólksins og trúarbragða.</i></p> <p><i>Fjallað verður um sögu 19. aldar með dálitlum aðdraganda og sögulokum fram á 20. öld. Sagt er frá stjórnarbyltingum Bandaríkjamanna og Frakka.</i></p> <p><i>Nemendur læra um iðnbyltingu, fólksfjölgun, þéttbýlismyndun, verkalýðsbaráttu, þjóðernisbyggju og þjóðríkjamyndun. Rakið er hvernig Íslendingar tóku þátt í þessari þróun, fram til stofnunar lýðveldis árið 1944. Jafnframt fá nemendur kynningu á helstu sögulegu atburðum sem áttu sér stað úti í heimi á fyrri hluta 20. aldar.</i></p>	<p>Hilmar Egill Sveinbjörnsson. 2012. <i>Um víða veröld</i>. Námsagnastofnun, Kópavogur.</p> <p>Synnøve Veinan Hellerud og Sigríð Moen. 2014. <i>Lýðræði og tækni</i>: Saga 19. aldar. Námsgagnastofnun, Kópavogur.</p> <p>Kortabækur Ítarefni: Vefir og ljósritað efni.</p>	<p><i>Nám nemenda er metið samkvæmt þeim hæfniviðmiðum sem unnið er með í hverjum árgangi.</i></p> <p>Matsþættir í samfélagsgreinum taka mið af aðalnámskrá grunnskóla (2013) og leitast er við að fá sem gleggstar upplýsingar um hæfni nemenda í greininni. Nám og kennsla í samfélagsgreinum miðast við þrjá flokka: 1. Reynsluheimur (umhverfi, samfélag, saga, menning: hæfni nemandans til að skilja veruleikann), 2. Hugarheimur (sjálfsmynd: hæfni nemandans til að átta sig á sjálfum sér og öðrum) og 3. Félagshæimur (samskipti: hæfni nemandans til að mynda og þróa tengsl við aðra).</p> <p>Námsmat er fjölbreytt og nemendur þreyta próf og verkefni tengd hæfniviðmiðum sem falla að beinni þekkingu og hæfni til að nýta þá þekkingu sem þeir búa yfir. Verkefni eru ýmist einstaklings-para- eða hópverkefni.</p> <p>Námsmati er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir nemendur til að ná settu marki.</p>

